



Reykjavík, 15. nóvember 2023

MSS23110060

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Menningar-, íþróttar- og tómstundaráð

Sendandi: Sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um fjármögnunarsamningum íþróttahúsa

Á fundi borgarráðs 9. nóvember 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks Fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá samanburð á fjármögnunarsamningum íþróttahúsa borgarinnar og sérstaklega upplýsingum um aðstöðu og aðstöðumun íþróttafélaga í íþróttahúsum borgarinnar. Sérstaklega er horft til þess að fá upplýsingar um aðstöðumun félaga sem nota Laugardalshöllina, félaga eins og Ármanns og Próttar, ÍR, Vals, KR og Fjölnis sem og fleiri. Hvernig er aðgengi félaganna að íþróttahúsum borgarinnar, hver sér um að úthluta tíma/dögum til íþróttafélaganna og hvernig eru reglurnar í sambandi við það? Hvernig er t.d. gætt að jafnræði milli félaganna við úthlutun tíma?

Fyrirspurninni var vísað til meðferðar menningar-, íþróttar og tómstundaráðs 10. nóvember 2023 frá skrifstofu borgarstjórnar.

Svar:

- Í gildi eru reglur ÍBR og ÍTR, frá 2013, um styrki vegna aðstöðu til æfinga og keppni í íþróttamannvirkjum í Reykjavík, sbr. fsk.
- Aðalmarkmið með æfinga-og keppnisstyrkjum ÍBR og ÍTR er að kostnaður vegna aðstöðu til íþróttaiökunar barna og unglings verði ekki borin af þeim eða fjölskyldum þeirra. Jafnframt er það markmið með styrkjunum að styðja við afreksíþróttir hjá reykvískum íþróttafélögum.
- ÍBR sér um að úthluta æfingatímum til félaga í íþróttamannvirkjum borgarinnar og fylgist með æfingatímum í íþróttahúsum félaganna.
- Styrkur vegna æfinga miðast við ákveðin mínútufjölda, fjölda þátttakenda (einstaklinga eða liða) í ákveðinni stærð rýmis miðað við aldur, sjá fsk. og er háður skilyrðum um lámarks iökendafjölda. Gæta skal jafnræðis milli kynja og hópa. Sé um takmarkað magn æfingatíma að ræða og mjög stóra hópa eða aðrar sérþarfir sem falla ekki undir almenn ákvæði reglnanna hefur ÍBR heimild til að nota aðrar viðmiðanir við úthlutun.
- KR, Valur, Fylkir, Víkingur og TBR eiga sín mannvirki og reka þau. Borgin greiðir ekki rekstrarkostnað en veitir félögunum styrki vegna æfinga.



- Félögin bera ábyrgð á öllum rekstri og viðhaldi mannvirkjanna. Félögin fengu byggingastyrki á sínum tíma til að byggja mannvirkin.
- ÍR og Fram eru með aðstöðu í húsum borgarinnar og annast rekstur þeirra samkvæmt sérstökum þjónustusamningi við MÍR. Félögin fá ekki æfingastyrki eins og þau félög sem eiga sín mannvirkni.
- Leiknir er með aðstöðu í mannvirkjum borgarinnar og borgar borgin fyrir þær æfingar. Einnig er Leiknir með þjónustusamning vegna mannvirkja.
- Fjölnir er með aðstöðu í Egilshöll og greiðir borgin fyrir afnot félagsins að knatthúsi, fimleikahúsi, íþróttasal og Skautahöll. Félagið annast ekki rekstur mannvirkjana og fær ekki æfingastyrki.
- Fjölnir er með aðstöðu í íþróttahúsinu við Dalhús og annast rekstur þess með þjónustusamningi við MÍR.
- Íþróttafélögin hafa einnig aðgang að íþróttahúsum skólanna og greiða ekki fyrir þá aðstöðu. MÍR greiðir SFS vegna æfingatíma í skólasöldum.
- Þau félög sem eru með frjálsíþróttadeildir hafa aðgang að frjálsíþróttahöllinni og greiðir borgin fyrir styrkhæfa tíma. Þar fara einnig fram mótt.
- Þau félög sem hafa sunddeildir hafa aðgang að innilaug Laugardalslaugar og greiða ekki fyrir þau afnot. Þar fara einnig fram sundmót.
- Þau félög sem eru með skíðadeildir æfa í Bláfjöllum. Borgin greiðir kostnað vegna æfinganna.
- Félögin hafa aðgang að Egilshöll-knatthöll og deilir ÍBR út tímum á milli félaganna. Félögin greiða ekki fyrir þá æfingatíma.
- Árman og Þróttur eru með 47 æfingar á viku í Laugardalshöll. Félögin greiða ekki fyrir þá tíma. Borgin greiðir Laugardalshöll fyrir þessi afnot.
- Laugardalshöll er þjóðarleikvangur í handknattleik og körfuknattleik og þar fara fram landsleikir. Slíkir viðburðir fara yfirleitt ekki fram í öðrum íþróttahúsum í Reykjavík.

Virðingarfyllst,

Eiríkur Björn Björgvinsson,
sviðssstjóri.

Hjálagt:

Reglur ÍBR og ÍTR um styrki vegna aðstöðu til æfinga og keppni í íþróttamannvirkjum.

REGLUR ÍBR OG ÍTR UM STYRKI VEGNA AÐSTÖÐU TIL ÆFINGA OG KEPPNI Í ÍþRÓTTAMANNVIRKJUM

1. Markmið

Aðalmarkmiðið með æfinga- og keppnisstyrkjum ÍBR og ÍTR er að kostnaður vegna aðstöðu til íþróttaiðkunar barna og unglings verði ekki borinn af þeim eða fjólskyldum þeirra. Jafnframt er það markmið með styrkjunum að styðja við afreksíþróttir hjá reykvískum íþróttafélögum.

2. Styrkhæfni

Styrkeiting nær til félags, sem er fullgildur aðili að ÍBR og hefur farið að lögum bandalagsins. Styrkhæf er leiga í íþróttamannvirkjum á vegum Reykjavíkurborgar (þ.m.t. íþróttasölu skóla), íþróttamannvirkjum íþróttafélaga og í öðrum mannvirkjum á vegum íþróttafélaga. Styrkurinn nær að hluta eða öllu leyti til keppni og til íþróttæfinga vegna:

- a) Barna og unglings 6 - 19 ára.
- b) Meistaraflokka í hóp- og einstaklingsíþróttum, þar sem jafnframt er barna- og unglingastarf.
- c) Meistaraflokka í hóp- og einstaklingsíþróttum sem keppa í efstu deild viðkomandi íþróttagreina. Æfingar og keppni fyrir öldunga í hóp- og einstaklingsíþróttum eru ekki styrkhæfar.

Einungis er styrkt eitt félag/deild í hverri íþróttagrein í hverju íþróttahverfi borgarinnar. Íþróttahverfi eru skilgreind í samstarfssamningum Reykjavíkurborgar, ÍBR og félaganna.

Nýtt félag eða deild á kost á styrk eftir tveggja ára starf innan ÍBR enda hafi þá verið gert ráð fyrir styrknum í framlagi borgarsjóðs til ÍBR og í fjárhagsáætlun ÍBR.

Styrkur vegna æfinga miðast við ákveðinn mínútufjölda, fjölda þátttakenda (einstaklinga eða liða), í ákveðinni stærð rýmis miðað við aldur (sbr. fylgiskjal 1) og er háður skilyrðum um lágmarks iökendafjölda (sbr. fylgiskjal 1). Gæta skal jafnréttis milli kynja og hópa. Sé um takmarkað magn æfingatíma að ræða mjög stóra hópa eða aðrar sérþarfir sem falla ekki undir almenn ákvæði þessarra reglna hefur ÍBR heimild til að nota aðrar viðmiðanir við úthlutun sbr. 9. gr.

Heimaleikir reykvískra félaga í öllum héraðs- og landsmótum eru styrktir. Styrkhæfni annarra móta er háð samþykki ÍBR hverju sinni en almennt gildir sú regla að aðeins móti sem eru í umsjón reykvískra íþróttafélaga eru styrkt. Sé um að ræða aukinn kostnað vegna gæslu eða þrifa t.d. vegna fjölda áhorfenda skulu framkvæmdaaðili leiks og forstöðumaður mannvirkis semja um greiðslu vegna þess. Æfingatímar í öðrum bæjarfélögum en Reykjavík eru ekki styrkhæfir nema með sérstöku samþykki ÍBR og ÍTR.

Æfingar og keppni á vegum sérsambanda í íþróttamannvirkjum í Reykjavík eru styrkhæfar með eftirfarandi hætti:

1. ÍBR úthlutar sérsamböndum lausum tínum í mannvirkjum eftir því sem aðstæður leyfa.
2. Íþróttafélög geta af og til gefið eftir sína æfingatíma fyrir landslið, bæði í eigin mannvirkjum og í mannvirkjum borgarinnar.
3. Keppnir/mót á vegum sérsambanda geta verið styrkt miðað við fjölda liða/einstaklinga frá aðildarfélögum ÍBR sem taka þátt.

3. Styrktartímabil

Styrkt æfingatímabil eru tvö: Vetrarönn og sumarönn. Nánari dagsetningar miðast við fjárhagsramma hverju sinni og eru gefnar út 1. apríl vegna vetrarannar og 1. mars vegna sumarannar.

Íþróttahús skóla Reykjavíkurborgar eru eingöngu opin yfir vetrarönn nema í undantekningartilfellum. Sækja verður sérstaklega til ÍBR um æfingar í íþróttamannvirkjum Reykjavíkurborgar á sumarönn. Í þeim tilfellum verða æfingar félaganna færðar saman í hús, þyki ástæða til þess.,

Æfingatímar á stórhátiðum verða að öllu jöfnu ekki styrktir. Þessir dagar eru: Nýársdagur, Skírdagur, Föstudagurinn langi, Páskadagur, Annar í páskum, Sumardagurinn fyrsti, Verkalýðsdagurinn 1. maí, Hvítasunnudagur, 17. júní, Þorláksmessa, Frídagur verslunarmanna, Aðfangadagur jóla, Jóladagur, Annar í jólum, Gamlársdagur.

Heimilt er að loka íþróttamannvirkjum Reykjavíkurborgar kringum stórhátíðar og yfir sumartímann.

4. Umsókn um styrk.

Umsóknir íþróttafélaga vegna styrks til æfinga skulu berast ÍBR fyrir 1. maí vegna vetrarannar og 1. febrúar vegna sumarannar. Í umsókn komi fram eftirfarandi:

- Áætlaður fjöldi flokka/hópa sem æfir. Sé æfingahópur skilgreindur á annan hátt en í reglugerð viðkomandi íþrótttagreinar þurfa að fylgja nánari skýringar á samsetningu hópsins (aldur, getustig).
- Áætlaður fjöldi iökenda í hverjum flokk/hóp.
- Áætlaður fjöldi liða sem taka þátt í Reykjavíkurmóti og Íslandsmóti í hópíþróttum.

ÍBR úthlutar æfingatímum til félags í samræmi við tiltekinn mínútufjölda og rými á viku fyrir hvern aldursflokk/hóp (sjá fylgiskjal 1). Ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi kemur til greina að fjölga tímum fyrir ákveðna flokka/hópa t.d. vegna mikils fjölda iökenda. Einum og hálfum mánuði fyrir hvert tímabil skal liggja fyrir yfirlit um staðfesta tíma að hálfu ÍBR, hafi umsókn borist á réttum tíma. Félagið skal síðan skila inn til ÍBR drögum að æfingatöflu yfir æfingar félagsins með sundurliðun fyrir deildir og aldursflokk/hópa, í síðasta lagi 1. júní vegna vetrarannar og 15. mars vegna sumarannar. Endanleg æfingatafla skal berast ÍBR til staðfestingar viku fyrir upphaf annar.

Umsóknir sérsambanda vegna æfinga og keppni á vegum sérsambanda skulu berast ÍBR með góðum fyrirvara. Eftirfarandi vinnureglur skulu viðhafðar þegar óskað er eftir tímum til úthlutunar:

- Sérsamband kannar hvort lausir tímar séu fyrir hendi í mannvirki.
- Sérsamband sækir um tímana til ÍBR.
- ÍBR úthlutar tímunum beint í mannvirkjum í eigu borgarinnar en skal hafa samráð við félög varðandi tímaúthlutanir í mannvirkjum í þeirra eigu.

5. Nýting tíma.

Að öllu jöfnu skal reynt að ná betri nýtingu á aðstöðu með því að skipta rými niður í minni hluta þar sem það er hægt. Félag ákveður slíka skiptingu (sbr. fylgiskjal 2) í samráði við ÍBR. Sameina skal æfingar fámennra flokka/hópa.

Á virkum dögum skal leikur hefjast í síðasta lagi kl. 21.30, sérstaklega á þetta við um íþróttamannvirk skóla og ÍTR.

Íþróttafélagi ber að gæta þess að æfingatímar falli ekki niður og að fjöldi iökenda hverju sinni sé í samræmi við lágmarkskröfur (sbr. fylgiskjal 1). ÍBR áskilur sér rétt til að meta hvað er góð nýting miðað við aðstæður í hverju tilfelli fyrir sig, að teknu tilliti til gildandi reglna. Tímar sem ítrekað eru illa nýttir verður ráðstafað annað ef ekki eru á því haldbærar skýringar.

Ef félag missir æfingatíma sína vegna sérstakra ytri aðstæðna s.s. stórvíðburða, framkvæmda eða skemmda á mannvirki, getur ÍBR í samráði við önnur félög úthlutað tímum þeirra til þess félags sem missir aðstöðu tímabundið.

6. Skráning og eftirlit.

Fyrir hvert mannvirki skal fylla út mætingaskýrslur. Í mætingaskýrslu eru skráðar upplýsingar um iðkendafjölda, flokk/hóp (aldur), kyn og kappleiki eða keppni. Mikilvægt er að þær upplýsingar séu rétt færðar. Starfsmenn mannvirkja skulu fylla út skýrslu og taka niður fjölda iðkenda. Sé um að ræða breytingar á æfingatöflu, t.d. vegna keppni, skal koma fram skýring í mætingaskýrslu. Ennfremur skal í mætingaskýrslu skrá skýringar á ónýttum æfingatíma.

Afrit af mætingaskýrslum skulu berast ÍBR mánaðarlega eða í síðasta lagi 5. virka dag næsta mánaðar. Mætingaskýrslurnar eru forsendur styrkveitinga. Einnig ber félagi að skila inn breytingum á æfingatöflum um leið og þær eiga sér stað.

Ófullnægjandi skil á mætingaskýrslum eða rangar upplýsingar í um nýtingu æfingaaðstöðu eða ráðstöfun æfingatíma á annan hátt en kveðið er á um í þessum reglum getur leitt til skerðingar eða niðurfellingar styrkja og innheimtu vegna ónotaðra tíma. Óheimilt er að framselja úthlutuðum æfingatíma/um án samþykkis í BR.

Félögin verða að tilkynna tímanlega niðurfellingu á æfingum vegna móta og leikja, sérstaklega í íþróttamannvirkjum skóla og ÍTR.

Fulltrúum ÍBR og ÍTR er heimilt að fylgjast með að notkun tíma sé í samræmi við æfingatöflu.

7. Gjaldskrá og greiðslur.

ÍTR og ÍBR ákveða gjaldskrá í sameiningu. Uppgjör leigu miðast við gjaldskrá styrkhæfra tíma, einnig þegar um mannvirki í eigu annarra er að ræða. Uppgjör og greiðslur til félaga/mannvirkja fer fram að fengnum mætingaskýrslum síðasta mánaðar og æfingatöflum þar sem það á við.

Enginn æfingatími er styrkhæfur nema sótt hafi verið um hann og hann samþykktur af ÍBR. Þetta á bæði við um æfingar og keppni, hvort sem er í íþróttamannvirkum Reykjavíkurborgar eða annarra aðila.

8. Almenn ákvæði.

Um undantekningar eða frávik frá þessum reglum þarf að sækja sérstaklega til ÍBR/ÍTR.

ÍBR og ÍTR annast framkvæmd þessarra reglna og verði ágreiningur um einstök atriði þeirra skal honum vísað til stjórna ÍBR og ÍTR.

ÍBR er heimilt að uppfæra fylgiskjal 1 árlega ef þörf þykir.

ÍBR er heimilt að uppfæra fylgiskjal 2 árlega með tilliti til breytinga í íþróttamannvirkjum í Reykjavík sbr. gr. 2.

Samþykkt af stjórn ÍBR og ÍTR, í ágúst 2013.

Þar með falla úr gildi reglur frá 2008 með áorðnum breytingum.

Fylgiskjal 1

Reglur ÍBR og ÍTR um styrki í íþróttamannvirkjum vegna æfinga og keppni

Skráið upplýsingar í grænu reitina!

Heiti félags, umsókn 2013-
2014

Hver eining:

- miðast við allt að 27x14 vallarstærð innanhúss.
- miðast við 1/4 hluta af keppnis gervigrasvelli.
- ein braut, borð.

SKRÁNING Í REYKJAVÍKUR- OG ÍSLANDMÓT

Skráning í Reykjavíkur- og Íslandsmót á eingöngu við hópíþróttir þ.e. knattspyrnu, handknattleik, körfuknattleik, blaki og íshokkí.

KNATTSPYRNA

Í æfingatöflum félaganna er eingöngu gert ráð fyrir innanhúss æfingum í knattspyrnu hjá 7. og 8. flokk karla og kvenna, að undanskilinni Egilshöll.

Íþróttarein	Aldur	Iðkendur			Til viðmiðunar					Þátttaka í móti		Úthlutun
		Fjöldi	Lágm. fjöldi	Hám. fjöldi	Samtals mínútur	Mín.	Fjöldi æfinga	Fjöldi eininga per æfingu	Fjöldi mín umfram	Reykjav.- Íslands-mót	Alls	
KNATTSPYRNA	8.fl.ka. 5 ára og yngri		12	16	120	60	2	1	60			
	7.fl.kv. 6-7 ára		12	16	120	60	2	1	60			
	7.fl.ka. 6-7 ára		12	16	120	60	2	1	60			
	6.fl.kv. 8-9 ára		12	16	120	60	2	1	60			
	6.fl.ka. 8-9 ára		12	16	120	60	2	1	60			
	5.fl.kv. 10-11 ára		12	16	180	60	3	1	90			
	5.fl.ka. 10-11 ára		12	16	180	60	3	1	90			
	4.fl.kv. 12-13 ára		20	30	360	60	3	2	180			
	4.fl.ka. 12-13 ára		20	30	360	60	3	2	180			
	3.fl.kv. 14-15 ára		20	30	360	60	3	2	180			
	3.fl.ka. 14-15 ára		20	30	360	60	3	2	180			
	2.fl.ka. 16-18 ára		20	30	720	90	4	2	360			
	2.fl.kv. 16-18 ára		20	30	720	90	4	2	360			
	m.fl.kv. 19 ára og eldri		20	30	900	90	5	2	450			
	m.fl.ka. 19 ára og eldri		20	30	900	90	5	2	450			

0

5640

0

0

0

0

HANDKNATTELIKUR	8.fl.kv. 7 ára og yngri	12	20	120	60	2	1	60			
	8.fl.ka. 7 ára og yngri	12	20	120	60	2	1	60			
	7.fl.ka. 8 og 9 ára	12	20	120	60	2	1	60			
	7.fl.kv. 8 og 9 ára	12	20	120	60	2	1	60			
	6.fl.ka. 10 og 11 ára	12	20	180	60	3	1	90			
	6.fl.kv. 10 og 11 ára	12	20	180	60	3	1	90			
	5.fl.ka. 12 og 13 ára	12	20	360	60	3	2	180			
	5.fl.kv. 12 og 13 ára	12	20	360	60	3	2	180			
	4.fl.ka. 14 og 15 ára	12	20	360	60	3	2	180			
	4.fl.kv. 14 og 15 ára	12	20	360	60	3	2	180			
	Unglingafl. kv. 16-19 ára	12	20	540	90	3	2	270			
	Unglingafl. ka. 16-17 ára	12	20	360	60	3	2	180			
	2.fl.ka. 18, 19 og 20 ára	12	20	540	90	3	2	270			
	M.fl.ka. 21 árs og eldri	12	20	900	90	5	2	450			
	M.fl.kv. 20 ára og eldri	12	20	900	90	5	2	450			
		0		5520					0	0	0
									0	0	0

BLAK	6.fl. 6-8 ára, blandað	11	18	120	60	2	1	60			
	5.fl. 9-11 ára, blandað	11	18	120	60	2	1	60			
	4.fl.kv. 12-13 ára	11	18	360	60	3	2	180			
	4.fl.ka. 12-13 ára	11	18	360	60	3	2	180			
	3.fl.kv. 14-15 ára	11	18	360	60	3	2	180			
	3.fl.ka. 14-15 ára	11	18	360	60	3	2	180			
	2.fl.kv. 16 ára	11	18	540	90	3	2	270			
	2.fl.ka. 16 ára	11	18	540	90	3	2	270			
	m.fl.kv	11	18	900	90	5	2	450			
	m.fl.ka	11	18	900	90	5	2	450			
		0		4560					0	0	0
									0	0	0

KÖRFUKNATTELIKUR	Konur										
	Míkróbolti 8 ára og yngri	12	20	120	60	2	1	60			
	Minnibolta 9 ára	12	20	120	60	2	1	60			
	Minnibolti 10 ára	12	20	180	60	3	1	90			
	Minnibolti 11 ára	12	20	180	60	3	1	90			
	7. fl. kv. 12 ára	12	20	360	60	3	2	180			
	8. fl. kv. 13 ára	12	20	360	60	3	2	180			
	9. fl. kv. 14 ára	12	20	360	60	3	2	180			
	10. fl. kv. 15 ára	12	20	360	60	3	2	180			
	Stúlknafl. 16 og 17 ára	12	20	360	60	3	2	180			
	Unglingafl. 18 og 19 ára	12	20	540	90	3	2	270			
	1. aldursfl. 19 ára og eldri	12	20	900	90	5	2	450			
	Karlar										
	Míkróbolti 8 ára og yngri	12	20	120	60	2	1	60			
	Minnibolti 9 ára	12	20	120	60	2	1	60			
	Minnibolti 10 ára	12	20	180	60	3	1	90			
	Minnibolti 11 ára	12	20	180	60	3	1	90			
	7. aldursfl. 12 ára	12	20	360	60	3	2	180			

	8. aldursfl. 13 ára		12	20	360	60	3	2	180		
	9. aldursfl. 14 ára		12	20	360	60	3	2	180		
	10. aldursfl. 15 ára		12	20	360	60	3	2	180		
	11. aldursfl. 16 ára		12	20	360	60	3	2	180		
	Drengjafl. 17 og 18 ára		12	20	360	60	3	2	180		
	Unglingafl. 19 og 20 ára		12	20	540	90	3	2	180		
	1. aldursfl. 21 árs og eldri		12	20	900	90	5	2	270		
			0		8040					0	0
										0	0

	Grunnhópar		3	6	1560	60	2	1			
	Framhaldshópar 1		3	6	2100	60	5	1			
	Framhaldshópar 2		3	6	1920	60	8	1			
	Litli meistarahópur		1	3	2160	60	12	1			
	Meistarahópur			3	4680	60	26	1			
	Tromp byrjendur		3	15	600	60	5	1			
	Tromp framhald		3	15	480	60	8	1			
	Tromp stóri		3	15	2400	60	20	1			
			0		15900				0	0	0
									0	0	0

	Börn, byrjendur		6	20	240	60	2	1	120		
	Börn, framhald		6	20	360	60	3	1	180		
	Unglingar/fullorðnir		6	15	540	60	3	1	270		
	Unglingar/fullorðnir mfl.		6	15	360	90	4	1	180		
			0		1500				0	0	0
									0	0	0

	Byrjendur 7-9 ára		12	20	120	60	2	1			
	Byrjendur 10-12 ára		12	20	180	60	3	1			
	Krakkaflokkur 11-13 ára		12	20	180	60	3	1			
	Unglingaflokkur		12	20	360	90	4	1			
	Fullorðinsflokkur		12	20	360	90	4	1			
			0		1200				0	0	0
									0	0	0

	Barnaflokkur 5-7 ára		50		240	60	2	2			
	Byrjendur 8-10 ára		50		240	60	2	2			
	11-12 ára flokkur		50		360	60	3	2			
	Unglingar 13-15 ára		50		540	90	3	2			
	Meistaraflokkur		50		900	90	5	2			
			0		2280				0	0	0
									0	0	0

	Börn 8-12 ára (byrjendur)		12	20	120	60	2	1			
	Börn 8-12 ára (Framhald)		12	20	180	60	3	1			
	Fullorðnir(Byrjendur)		12	20	270	90	3	1			
	Fullorðnir(Framhald)		12	20	360	90	4	1			
			0		930				0	0	0
									0	0	0

	Börn 6-12 ára		2	4	120	60	2	1			
	Unglingar 13-17		2	4	180	90	3	1			
	Keppnishópur unglings		2	4	270	90	4	1			
	Keppnishópur fullorðna		2	4	450	90	5	1			
			0		1020				0	0	0
									0	0	0

Glíma	Börn 14 ára og yngri		12	20	180	60	3	1					
	Fullorðnir 15 ára og eldri		12	20	360	90	4	1					
		0			540				0	0	0	0	0

Íshokkí ís	7 og 6 flokkur		12	20	120	60	2	1			
	5 flokkur		12	20	120	60	2	1			
	4 flokkur		12	20	120	60	2	1			
	3 flokkur		12	20	180	60	3	1			
	2 flokkur		12	20	270	90	3	1			
	Meistaraflokkur		12	20	360	90	4	1			
		0		1170					0	0	0

Íshokkí þrek/afís	7 og 6 flokkur		15	22		60		1				
	5 flokkur		15	22		60		1				
	4 flokkur		15	22		60		1				
	3 flokkur		15	22		60		1				
	2 flokkur		15	22		90		1				
	Meistaraflokkur		15	22		90		1				
		0			0			0	0	0	0	0

Listskautar í ís	Samhæfður skautadans á ís	16	26	150	50	3	1				
	6.fl. Skautaskóli á ís	40	72	40	40	1	1				
	4.-5.fl. á ís	30	55	90	45	2	1				
	3.fl. á ís	14	24	150	50	3	1				
	2.fl. á ís	12	18	200	50	4	1				
	1.fl. á ís	10	16	250	50	5	1				
	M.fl. á ís	8	12	250	50	5	1				
		0		1130				0	0	0	0

Listskautar Afísæfingar	Samhæfður skautadans afísæf.	16	26	135	45	3	1				
	6.fl. Skautaskóli afísæf.	40	72	20	20	1	1				
	4.-5.fl. afísæf.	30	55	60	30	2	1				
	3.fl. afísæf.	14	24	135	45	3	1				
	2.fl. afísæf.	12	18	200	50	4	1				
	1.fl. afísæf.	10	16	250	50	5	1				
	M.fl. afísæf.	8	12	250	50	5	1				
		0		1050				0	0	0	0

Júdó	Börn 4-6 ára	6	15	60	60	1	1				
	Börn 6-10 ára	6	15	120	60	2	1				
	Unglingar 11-15 ára	6	15	180	60	3	1				
	Framhald og fullorðnir	4	12	270	90	3	1				
	Meistaraflokkur	4	12	540	90	6	1				
		0		1170				0	0	0	0

Borð-tennis	Barna og unglingaflokkur	2	4	120	60	2	1				
	Meistaraflokkur	2	4	360	90	4	1				
	Eldri flokkur karla	2	4	0	0	0	0				
		0		480				0	0	0	0

Dans	10 og 11 ára	20	30	120	60	2	1				
	12 og 13 ára	20	30	120	60	2	1				
	14 og 15 ára	20	30	180	60	3	1				
	16 til 18 ára	20	30	270	90	3	1				
	19-35 ára	20	30	360	90	4	1				
	35 ára og eldri	20	30								
		0		1050				0	0	0	0

Golf	6-10 ára drengir				60	2					
	13 ára og yngri stúlkur				60	3					
	11-13 ára drengir				60	3					
	14-15 ára stúlkur				60	3					
	14-15 ára drengir				60	3					
	16-18 ára stúlkur				60	3					
	16-18 ára drengir				60	3					
	19-21 ára karlar				90	3					
	MFL kvenna				90	4					
	MFL karla				90	4					
		0		0				0	0	0	0

Keila	Börn 10-12 ára		2	4	120	60	2	1				
	13-15 ára unglingar		2	4	180	60	3	1				
	Meistarflokkur		2	4	360	90	4	1				
		0			660				0	0	0	0

Lyftingar	48kg kvennaflokkur			120	60	2	1				
	53kg kvennaflokkur			120	60	2	1				
	58kg kvennaflokkur			120	60	2	1				
	63kg kvennaflokkur			120	60	2	1				
	69kg kvennaflokkur			180	60	3	1				
	77kg kvennaflokkur			180	60	3	1				
	>77kg kvennaflokkur			240	60	4	1				
	56kg Karlaflokkur			120	60	2	1				
	62kg Karlaflokkur			120	60	2	1				
	69kg karlaflokkur			120	60	2	1				
	77kg karlaflokkur			120	60	2	1				
	85kg karlaflokkur			180	60	3	1				
	93kg karlaflokkur			180	60	3	1				
	105kg Karlaflokkur			240	60	4	1				
	>105kg karlaflokkur			240	60	4	1				

Skot.íþ	Almennur flokkur		2	4	120	60	2	1				
	Kvennaflokkur		2	4	270	90	3	1				
	Keppnisflokkur		2	4	360	90	4	1				

		0		750					0	0	0	0
Sund	4-6 ára börn		6	8	120	60	2	1				
	6-8 ára börn		6	8	120	60	2	1				
	8-10 ára börn		6	8	120	60	2	1				
	10-12 ára börn		6	8	180	60	3	1				
	12-15 ára börn		4	6	270	90	3	1				
	16 ára og eldri		4	6	360	90	4	1				
		0		1170					0	0	0	0
Tennis	5-9 ára börn		2	4	120	60	2	1				
	10-12 ár börn		2	4	180	60	3	1				
	13-15 ára börn		2	4	270	90	3	1				
		0		570					0	0	0	0

Viðmiðunartafla sem sýnir hámarks heildarmínútfjölda á viku, í tilteknu rými, fyrir hvern flokk/æfingahóp, á viðkomandi aldri, miðað við lágmarksfjöldu iðkenda í hverjum æfingatíma. ÍBR er heimilt að uppfæra fylgiskjal 1 árlega ef þurfa þykir.

Fylgiskjal 2

Yfirlit íþróttamannvirkja og úttekt í einingum, áhöldum, brautum og hring.
ÍBR er heimilt að uppfæra fylgiskjal 2 árlega með tilliti til breytinga í íþróttamannvirkjum í Reykjavík sbr. gr. 2.

FÉLAGAHÚS

Laugaból

- Fimleikasalur 20 áhalda salur
- Júdósalur 1 eining
- Lyftingasalur 1 eining

Framheimili 2 einingar

Fylkishöll

- Íþróttasalur 2 einingar
- Fimleikaaðstaða 10 áhalda aðstaða

Hlíðarendi

- Stór íþróttasalur 3 einingar
- Lítill íþróttasalur 1 eining

Hnefaleikafélag Reykjavíkur/Akkai Reykjavík 1 eining

ÍFR hús 1 eining

Júdófélag Reykjavíkur - 1 eining

KR heimili

- Stór íþróttasalur 3 einingar
- Lítill íþróttasalur 1 eining
- Borðtennissalur 6 einingar
- Keppnisvöllur 4 einingar
- Æfingasvæði, gras 4 einingar
- Gervigrasvöllur 4 einingar
- Lítill gervigrasvöllur 1 eining
- Æfingasvæði Starhaga 2 einingar

Reiðhöll 1 eining

Pórshamar 1 eining

TBR hús

- Efri hæð¹ 5 einingar
- Neðri hæð² 12 einingar
- Borðtennissalur³ 16 einingar

Víkin

- Íþróttasalur 2 einingar
- Lyftingasalur 1 eining
- Karatesalur 1 eining
- Tennisvöllur 1 eining

ÍR heimili

- Parketsalur 1 eining

¹ Lágmark 1 iðkandi og hámark 4 iðkendur.

² Lágmark 1 iðkandi og hámark 4 iðkendur.

³ Lágmark 1 iðkandi og hámark 4 iðkendur.

- Íþróttasalur, jarðhæð 1 eining

SKÓLAHÚS

Austurbæjarskóli	1 eining
Álftamýrarskóli	2 eining
Árbæjarskóli	1 eining
Ártúnsskóli	1 eining
Borgarskóli	1 eining
Breiðagerðísskóli	1 eining
Breiðholtsskóli	2 eining
Fellaskóli	2 eining
Fossvogsskóli	1 eining
Hagaskóli	2 eining
Hamraskóli	1 eining
Hlíðaskóli	1 eining
Ingunnarskóli	1 eining
Langholtsskóli	1 eining
Laugarnesskóli	1 eining
Melaskóli	1 eining
Menntaskólinn við Sund	2 eining
Réttarholtskóli	2 einingar
Rimaskóli	2 eining
Selásskóli	1 eining

ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐVAR

Austurberg	3 einingar
Dalhús	3 einingar
Egilshöll	
• Gervigras	4 einingar
• Frjálsíþróttaaðstaða ⁴	1 eining
• Fimleikasalur	11 áhalda hús
• Taekwondosalur	1 eining
• Skautasvell	1. eining
• Skotsalur	1 eining, 6 brautir
Kléberg Kjalarnesi	1 eining
Laugardalshöll	
• Salur A (parketsalur)	1 eining
• Frjálsíþróttasalur	
• Innan hlaupahrings og kastnets ⁵	1 eining
• Utan hlaupahrings ⁶	1 eining
• Lyftingasalur	1 eining
• Speglasalur	1 eining
Seljaskóli	3 einingar
Kennaraháskóli Íslands	2 einingar

⁴ Hlaupabraut: Lágmark 10 iðkendur og hámark 20 iðkendur.

⁵ Innan hlaupahrings og kastnets: lágmark 15 iðkendur og hámark 50 iðkendur.

⁶ Utan hlaupahrings: Lágmark 10 iðkendur og hámark 30 iðkendur.

SUNDLAUGAR

Árbæjarlaug	2 brautir, stærð 3 m x 25 m
Sundlaug v/Árbæjarskóla	4 brautir, stærð 7 m x 12,5 m
Sundlaug v/Breiðagerðisskóla	3 brautir, stærð 6,5 m x 12,5 m
Breiðholtslaug	
• Útilaug	2 brautir, stærð 3 m x 12,5 m
• Innilaug	2 brautir, stærð 3 m x 12,5 m
Grafarvogslaug	
• Útilaug	2 brautir, stærð 3 m x 25 m
• Innilaug	2 brautir, stærð 3 m x 12,5 m
Kjalarneslaug	4 brautir, stærð 8 m x 16.75 m
Laugardalslaug	
• Innilaug 1	10 brautir, stærð 15 m x 50 m
• Innilaug 2	10 brautir, stærð 15 m x 20 m/25 m
Sundhöllin í Reykjavík	
• Stór laug	2 brautir, stærð 3 m x 25 m
• Lítill laug	2 brautir, stærð 10 m x 7,2 m
Vesturbæjarlaug	2 brautir, stærð 3 m x 25 m
Sundlaug v/Austurbæjarskóla	4 brautir, stærð 8,5 m x 6 m
Sundlaug v/Ölduselsskóla	4 brautir, stærð 12 m x 16,75 m

GERVIGRAS- OG GRASVELLIR

Fjölnisvöllur

- Gervigrasvöllur 4 einingar
- Sparkvellir 3 einingar
- Tennisvöllur 1 eining

Framvöllur

- Gervigras 4 einingar
- Æfingasvæði 1, gras 4 einingar
- Æfingasvæði 2, gras 4 einingar

Hlíðarendir

- Keppnisvöllur, gras 4 einingar
- Æfingavöllur, efra gras 4 einingar
- Æfingavöllur, neðra gras 1 4 einingar
- Æfingavöllur, neðra gras 2 4 einingar

Fylkisvöllur

- Stór gervigrasvöllur 4 einingar
- Lítill gervigrasvöllur 1 eining
- Keppnisvöllur, gras 4 einingar
- Æfingasvæði 4 einingar

ÍR völlur

- Gervigrasvöllur 4 einingar
- Keppnisvöllur, gras 4 einingar
- Æfingasvæði 4 einingar

KR völlur

- Keppnisvöllur, gras 4 einingar

- Æfingasvæði, gras 4 einingar
- Æfingasvæði, Ægissíða 2 einingar

Leiknisvöllur

- Gervigras 4 einingar
- Keppnisvöllur, gras 4 einingar
- Æfingasvæði, gras 4 einingar

Víkingsvöllur

- Gervigras 4 einingar
- Keppnisvöllur, gras 4 einingar
- Æfingasvæði, gras 4 einingar

Þróttaravöllur

- Gervigrasvöllur 4 einingar
- Keppnisvöllur, gras 4 einingar
- Æfingasvæði v/Laugaból 3 einingar
- Æfingasvæði v/Suðurl.br 4 einingar
- Æfingasvæði v/TBR 4 einingar

ÖNNUR MANNVIRKI

Bláfjöll

- Víkingur 1 eining
- Ármanн 1 eining
- ÍR 1 eining

Skálafell

- KR 1 eining

Golfklúbbur Reykjavíkur

- 18 holu völlur, Grafarholti 72 manna hringur
- 18 holu völlur, Korpuvöllur 72 manna hringur

Keiluhöllin 12 brautir

Skautahöllin í Reykjavík 1 eining

Veggsport, skvass 4 einingar